

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 119/2022

2022/EES/61/31

frá 29. apríl 2022

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1248 frá 29. júlí 2021 um ráðstafanir varðandi góðar starfsvenjur við dreifingu dýralyfja í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1280 frá 2. ágúst 2021 um ráðstafanir varðandi góðar starfsvenjur við dreifingu virkra efna sem eru notuð sem upphafsefni í dýralyf í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 ⁽²⁾.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 22d (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1904) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„22e. **32021 R 1248:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1248 frá 29. júlí 2021 um ráðstafanir varðandi góðar starfsvenjur við dreifingu dýralyfja í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 (Stjtið. ESB L 272, 30.7.2021, bls. 46).

22f. **32021 R 1280:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1280 frá 2. ágúst 2021 um ráðstafanir varðandi góðar starfsvenjur við dreifingu virkra efna sem eru notuð sem upphafsefni í dýralyf í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 (Stjtið. ESB L 279, 3.8.2021, bls. 1).“

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2021/1248 og (ESB) 2021/1280, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram ^(*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 371/2021 frá 10. desember 2021 ⁽³⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 272, 30.7.2021, bls. 46.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 279, 3.8.2021, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽³⁾ Verður birt.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.